



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## OPINBER HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS OG FRÚ ELIZU REID TIL NOREGS

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Jean Reid forsetafrú halda í opinbera heimsókn til Noregs 21.-23. mars næstkomandi. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra verður með í för ásamt opinberri sendinefnd sem í eru fulltrúar fræðasamfélags og viðskiptalífs auk embættismanna frá utanríkisráðuneyti og embætti forseta.

Heimsóknin hefst þriðjudaginn 21. mars með formlegri móttökuathöfn við konungshöllina í Osló. Forseti leggur síðan blómsveig að þjóðarminnismerkini við Akershus virkið, heimsækir norska Stórþingið og flytur lokafyrirlestur á ráðstefnunni *Global Challenges – Nordic Experiences* við háskólann í Osló. Eliza Reid forsetafrú mun jafnframt flytja fyrirlestur um jafnréttismál og taka þátt í pallborðsumræðum. Að kvöldi fyrsta dags heimsóknarinnar sitja forsetahjón hátíðarkvöldverð norsku konungshjónanna.

Að morgni miðvikudagsins 22. mars eru ráðgerðar heimsóknir til Start-up Lab, miðstöðvar frumkvöðlafyrirtækja í Osló, og NORLA (Norwegian Literature Abroad), kynningarmiðstöðvar norskra bókmennta á erlendri grundu. Eftt verður til menningardagskrár í Þjóðarbókhöðunni, forseti á fund með Erna Solberg forsætisráðherra og situr hádegisverð norsku ríkisstjórnarinnar í boði forsætisráðherra. Síðdegis heimsækja forsetahjón Ólafíustofu, safnaðarheimili íslenska safnaðarins í Osló, og bjóða til móttöku í Astrup Fearnley listasafninu til heiðurs norsku konungshjónunum.

Á þriðja degi heimsóknar forsetahjóna til Noregs liggur leiðin til Björgvinjar. Þar efna Innovasjon Norge og Íslandsstofa til málstofu um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og hátækni og forseti flytur fyrirlestur um menningararfleifð og þjóðernishyggju við háskólann í Björgvin. Forsetahjón munu einnig heimsækja norsku hafrannsóknarstofnunina sem hefur höfuðstöðvar í borginni og Edvard Grieg safnið áður en haldið verður heimleiðis til Íslands.

*14. febrúar 2017*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*